

# FRÉTTA BRÉF

## Fréttamolar úr skólastarfinu í Salaskóla – október 2024

### Samfélagslöggan með fræðslu

Á tímabilinu október – febrúar mun samfélagslöggan heimsækja alla árganga með fræðslu. Markmiðið er að nemendur þekki störf lögreglu og viti hvert eigi að leita ef þjónustu lögreglunnar er þörf.



### Gróðursetning í Heiðmörk

6. bekkur átti skemmtilegan dag saman í Guðmundarlundi fyrir skemmstu ásamt kennurum sínum. Þau gróðursettu tugi birkiplantna viðlund Salaskóla, sem stækkar hratt ár frá ári.



### Göngum í skólann

Nemendur í 1.-7. bekk tóku þátt í "Göngum í skólann" fyrir hluta október mánaðar. 6. bekkur vann gullskóinn, 4. bekkur silfurskóinn og 3. bekkur bronsskóinn. Átakið vekur nemendur m.a. til umhugsunar um holla og góða hreyfingu og umferðaröryggi.



### Bókagjöf frá foreldrafélagi Salaskóla!

Breytingar hafa staðið yfir undanfarið á skólabókasafni Salaskóla. Síðastliðið vor var safnið fært til innanhúss og farið í endurnýjun á skráningum og skipulagi safnkosts.

Í ljós kom að endurnýjun bóka var nauðsynleg til að geta boðið nemendum á öllum aldurstigum upp á gæða lesefni sem höfðar til áhugasviðs þeirra og hvetur þau til yndislesturs.

Foreldrafélag Salaskóla bætti vel í endurnýjun bóka nú nýverið með peningagjöf til safnsins sem nýtt var til að kaupa nýjar bækur. Undir stjórn Guðnýjar Birnu, bókasafns- og upplýsingafræðings Salaskóla, er safnið orðið mjög aðlaðandi og aðgengilegt og nú búið fullt af nýju lesefni!

Við færum foreldrafélaginu innilegar þakkir fyrir stuðninginn!  
**LESTUR er BESTUR!**



### Fræðsluerindi í boði foreldrafélagsins

Við þökkum foreldrum fyrir frábæra mætingu á fræðsluerindi í lok sept. um veruleikann sem börnin okkar búa við, m.a. sjálfsmynd, samfélagsmiðlanoktun og ofbeldi. Erindið var flutt fyrir fullum sal en það vakti okkur til umhugsunar um svo margt í lífi barnanna og hvatti okkur til samstöðu um uppeldi þeirra.

### Á döfinni!

- Vetrarleyfi 24.-25. okt, lokað í skóla og frístund.
- Fjölgreindaleikar 6.-7. nóv.
- Dagur gegn einelti 8. nóv.
- Skipulagsdagur 13. nóv, lokað í skóla og frístund